



53. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn í Holti, Langanesbyggð miðvikudaginn 7. júní 2023 á Teams og hófst fundurinn kl. 12.22.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Soffía Gísladóttir, Axel Grettisson, Hermann Ingi Gunnarsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Gísli Gunnar Oddgeirsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Guðjón M. Ólafsson og Katrín Sif Ingvarsdóttir boðuðu forföll og varamenn þeirra einnig.

1. Skipan í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs

Sigurður Þór Guðmundsson hefur óskað eftir að víkja úr úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs en fyrir liggur tillaga um að Halldóra J. Friðbergdóttir, Langanesbyggð taki sæti í hans stað.

Stjórn samþykkir að Halldóra J. Friðbergdóttir taki sæti í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs.

2. Skipan í fagráð umhverfismála

Skipa þarf fulltrúa í fagráð umhverfismála en þar hefur vantað einn fulltrúa frá upphafi. Fyrir liggur tillaga um að Arnar Þór Stefánsson, Fjallabyggð taki sæti í fagráði umhverfismála.

Stjórn samþykkir að Arnar Þór Stefánsson taki sæti í fagráði umhverfismála.

3. Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra

Lagt fram minnisblað um einföldun í umsýslu Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra. Dána Jóhannsdóttir verkefnastjóri mætti til fundar undir þessum lið.

Stjórn samþykkir að flýta umsóknarferli Uppbyggingarsjóðs og breytt fyrirkomulag við yfirferð umsókna, en felur framkvæmdastjóra og úthlutunarnefnd að vinna ítarlegri greiningar á áhrifum annarra tillagna minnisblaðsins og leggja fyrir stjórn í haust.

4. Tillögur um breytingar í tengslum við áhersluverkefni til fleiri ára

Lagt fram minnisblað þar sem lagt er til að mögulegt verði að velja áhersluverkefni til fleiri ára í senn. Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri mætti til fundar undir þessum lið.

Stjórn samþykkir tillöguna.

5. Kynning á samstarfi við GEV

Herdís Gunnarsdóttir, Tryggvi Þór Jóhannsson, Helga Jóna Sveinsdóttir, Íris Dögg Lárusdóttir og Berglind Hermannsdóttir mættu til fundarins sem fulltrúar Gæða- og

eftirlitsstofnunar velferðarmála (GEV). Þau kynntu starfsemi GEV og þau verkefni sem framundan eru hjá stofnuninni á næstu misserum.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna og felur framkvæmdastjóra að senda glærुकynninguna út með fundargerðinni til sveitarstjórna landshlutans.

6. Skýrsla um möguleika á endurheimt votlendis á Norðurlandi eystra

Lögð fram skýrsla um möguleika á endurheimt votlendis á Norðurlandi eystra..

Umfjöllun frestað til næsta fundar.

7. Líforkuver – staða verkefnisins

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu verkefnisins.

8. Mál til umsagnar

- a. [485. mál Samvinnuverkefni í samgönguframkvæmdir \(samfélagsvegir\).](#)

9. Mál til kynningar

- a. Aðalfundur Vaðlaheiðarganga.
- b. Skýrsla flugklasans Air66.
- c. [Fundargerð 89. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.](#)
- d. Fundargerð 229. fundar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.
- e. Fundargerðir stjórnar Markaðsstofu Norðurlands [21. febrúar](#) og [25. apríl](#).
- f. [Fundargerð 927. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.](#)
- g. [Fundargerð 595. fundar stjórnar SASS.](#)

10. Önnur mál

- a. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.
Framkvæmdastjóri fór munnlega yfir helstu verkefni SSNE frá síðasta stjórnarfundu.

Fundi slitið kl. 14.45.